

Tölvumál 2002

Fylgiskjal með fundargerð aðalfundar 13. febrúar 2003

Það er af ritstjórn Tölvumála að fréttu að á síðasta ári voru nokkuð minni umsvif í útgáfunni frá árinu á undan enda lá í loftinu að ákveðið bakslag væri yfirvofandi í tæknigeiranum.

Færri tölublöð voru gefin út en á árinu 2000 og stærðinni haldið innan tiltekinna marka og þar með kostnaðinum. Nokkur tími leið frá seinasta tölublaði ársins 2000 til þess fyrsta á árinu 2001 og var því brugðið á það ráð að steypa saman því efni sem tiltækt var og gefa út sem fyrsta og annað tölublað en á seinni hluta ársins komu út tvö blöð til viðbótar en alls voru gefnar út 24 greinar og heildarsíðufjöldinn var 116.

Efnið kom að venju víða að og í fyrsta tölublaði ársins var fjallað ítarlega um öryggismál og staðla en í seinni blöðunum var meðal annars fjallað um vélrænar tungumáláþýðingar, menntamál, rafræn viðskipti og svo mætti áfram telja.

Talsverður samdráttur var í auglýsingum frá árinu á undan en eins og greint hefur verið frá í fréttum hefur almennt orðið samdráttur í auglýsingageiranum og auglýsingastofur verið sameinaðar. Prentmiðlar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og þeirra á meðal okkar ágæta tímarit og má kannski orða það þannig að prentmiðlarnir hafi sloppið við 2000 vandann en fengið á sig 2001 vanda í staðinn. Benda má á sem dæmi að Mogga-kálfurinn Netið hætti að koma út á árinu.

Engar mannabreytingar urðu í ritstjórninni en við tengdumst Orðanefnd traustari böndum og tókum upp nýtt vinnulag varðandi greinarnar í blaðinu.

Markmiðið með þessu er að efla notkun á íslensku máli í Tölvumálum og mynda tengsl við það sem er efst á baugi hverju sinni í upplýsingatækninni. Í öllum tölublöðum síðasta árs voru birtir pistlar frá formanni Orðanefndarinnar þar sem fjallað var um þau orð sem komu fyrir í greinunum.

Ritstjórnin hefur átt mjög gott samstarf við Orðanefnd eftir þessa breytingu og formaður nefndarinnar lesið allt efnið yfir og mikil vinna verið lögð í að orðtaka greinar og bæta almennt málfarið.

Samhliða hefur þessi breyting einnig kallað á meiri vinnu hjá ritstjórninni við yfirlestur og lengt vinnsluferlið og haft er samráð við greinarhöfunda ef breytingar eru lagðar til. Innan ritstjórnarinnar voru í fyrstu vangaveltur um hvernig höfundarnir tækju í að breyta greinum sínum og taka upp nýyrði en það er skemmst frá því að segja að þeir hafa tekið vel í ábendingarnar og ritstjórnin er þakklát fyrir hve vel hafa tekist til og blaðið orðið betra.

Að endingu má segja að með þessari breyttu vinnu við greinarnar séum við enn betur að uppfylla eitt af markmiðum félagsins, sem er að styrkja notkun íslenskrar tungu í upplýsingatækni.

Einar H. Reynis ritstjóri Tölvumála